

Öruggt og ofbeldislaust íprótta- og æskulýðsstarf

Sumarið er að bresta á með námskeiðum, viðburðum og mótum. Mikilvægt er að tryggja öruggt umhverfi og taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðisbrotum og öðru ofbeldi.

Í þessu bréfi má finna leiðbeiningar um hvernig megi stuðla að því. Íprótta- og æskulýðsfélögum ber að upplýsa starfsfólk, sjálfboðaliða og þátttakendur um til hvers er ætlast af þeim hvað varðar hegðun og framkomu og hvað gerist ef reglur eru brotnar. Siðareglur og viðbragðsáætlanir þurfa að vera kynntar og sýnilegar öllum.

Í íprótta- og æskulýðslögum segir að engan megi ráða til starfa, eða sem sjálfboðaliða, sem hefur hlotið dóm fyrir kynferðisbrot einhvern tíma á lífsleiðinni eða fyrir fíkniefnabrot á síðustu fimm árum. Sömu lög gefa félögum heimild til þess að fletta aðilum upp í sakaskrá til að kanna þessi tvö atriði. Það er mikilvægt að félög sinni þessu vel og því til stuðnings hafa verið útbúnar [leiðbeiningar](#) um öflun upplýsinga úr sakaskrá.

- Útbúin hefur verið samræmd [viðbragðsáætlun íprótta- og æskulýðsstarfs](#) við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið upp á.
- Barna- og fjölskyldustofa hefur unnið námskeið fyrir þau sem starfa með börnum og unglingum á Íslandi [um kynferðisofbeldi gegn börnum frá mismunandi sjónarhornum](#). Vakin er einnig athygli á netnámskeiði æskulýðsvettvangsins [fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íprótta- og æskulýðsstarfi](#).
- Fara skal yfir [gátlista](#) fyrir félög við nýráðningu starfsfólks og sjálfboðaliða. Á listanum eru atriði eins og að gera könnun á meðmælum, sækja gögn úr sakaskrá, fara yfir siðareglur, kynna viðbragðsáætlun og fara á netnámskeið um kynferðislegt ofbeldi og áreiti.
- Á vefsíðunum [112.is](#) og [Stoppofbeldi](#) má finna margvíslega fræðslu gegn ofbeldi.

Íprótta- og æskulýðsfélög eiga að bregðast við öllum atvikum sem upp kunna að koma í þeirra starfi. Ekki hika við að fá leiðsögn samskiptaráðgjafa, 112, barnaverndar eða lögreglu ef spurningar eða áhyggjur vakna í sumar.

Með ósk um öruggt og ánægjulegt sumar fyrir öll.



Samskiptaráðgjafi



Miðstöð menntunar
og skólapjónustu

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Jafnréttisstofa



Barna- og
fjölskyldustofa



Embætti landlæknis



LÖGREGLAN